

Skaftafelli, 27. júní 2019

Sveitarfélagið Hornafjörður  
Hafnarbraut 27  
780 Hornafjörður

### **Efni: Umsögn um aðalskipulagsbreytingu Skaftafell III og IV**

Vatnajökulsþjóðgarði barst erindi frá Sveitarfélaginu Hornafirði dagsett 14. maí 2019 varðandi ósk um umsögn um aðalskipulagsbreytingu Skaftafell III og IV.

Málið var tekið fyrir á 68. fundi í svæðisráði suðursvæðis þann 17. maí 2019 og eftirfarandi bókað:

*Erindi frá Sveitarfélaginu Hornafirði, dagsett 14.maí, með ósk um umsögn um aðalskipulagsbreytingu á Skaftafelli III og IV.*

*Á 43. fundi svæðisráðs þann 18.september 2015 var rætt um hugmyndir landeigenda um uppbyggingu á svæðinu. Viðhorf svæðisráðs til uppbyggingar er hið sama en ítrekað er að fara þurfi varlega við hvers konar uppbyggingu í ljósi sérstöðu svæðisins. Bent er á að um mikið byggingarmagn er að ræða og taka þarf tillit til sjónrænna áhrifa frá þjóðgarðinum í Skaftafelli og af þjóðvegi.*

Málið var einnig tekið fyrir á 131. fundi stjórnar Vatnajökulsþjóðgarðs þann 24. júní 2019 og eftirfarandi bókað:

*Fyrir fundinum lá tillaga um breytingu á Aðalskipulagi Hornafjarðar í Skaftafelli. Stjórn tekur undir umsögn svæðisráðs suðursvæðis frá 19. maí sl. vegna fyrirhugaðrar aðalskipulagsbreytingar á Skaftafelli III og IV. Stjórn ítrekar að fara þurfi varlega við hvers konar uppbyggingu í ljósi sérstöðu svæðisins. Bent er á að um mikið byggingarmagn er að ræða og taka þarf tillit til sjónrænna áhrifa frá þjóðgarðinum í Skaftafelli og af þjóðvegi. Þjóðgarðsvörður fór yfir málin með stjórn. Stjórn felur þjóðgarðsverði að vinna málið áfram og senda umsögn um skipulagstillöguna til Sveitarfélagsins Hornafjarðar.*

Vatnajökulsþjóðgarður fagnar vinnu Sveitarfélagsins varðandi uppbyggingu í Öræfum í tengslum við aukna þjónustu við ferðamenn og ekki síður varðandi íbúðarhúsnæði en vill koma eftirfarandi á framfæri.

Fyrirhugað verslunar- og þjónustusvæði er í 1500 m fjarlægð frá þjónustusvæði Vatnajökulsþjóðgarðs í Skaftafelli. Í tillögu að breytingum á aðalskipulagi kemur fram að: „Eitt af markmiðum [breytinga] er að draga þjónustu sem ekki er tengd þjónustmiðstöðinni í Skaftafelli frá sjálfri náttúruperlunni en frekari uppbygging í landi Skaftafells myndi talin geta haft mikil áhrif á ásýnd og upplifun ferðamanna á svæðinu“. Það er mat þjóðgarðsins að uppbygging, sem gerir ráð fyrir allt að 5.400 m<sup>2</sup> byggingarmagni, svona nálægt Skaftafelli muni hafa veruleg áhrif á ásýnd þjóðgarðsins og aðkomu að honum. Ásýndin snýr bæði að því þegar komið er frá þjóðvegi heim að Skaftafelli sem og sú ásýnd sem kemur til með að vera sýnileg ofan af Skaftafellsheiði þar sem mikill hluti gesta þjóðgarðsins fer um á hverjum degi. Vatnajökulsþjóðgarður getur því ekki tekið undir það að markmið breytinga séu að draga þjónustu og uppbyggingu frá náttúruperlunni sjálfri. Til viðbótar má nefna að aðalskipulagsbreyting gerir ráð fyrir allt að 3.000 m<sup>2</sup> byggingarmagni fyrir verslunar- og



þjónustubyggingar. Samkvæmt upplýsingum sem komu fram á kynningarfundum í Freysnesi þann 11. júní 2019 getur þessi skilgreining falið í sér hótellbyggingu á reitnum sem telja má verulega breytingu á landnýtingu á svæðinu.

Í tillögu að breytingum á aðalskipulagi segir: „*Vatnajökulsþjóðgarður er að vinna atvinnustefnu m.a. fyrir Skaftafell en þar á að taka á því að of mikil umferð bíla og fólks er við þjónustumiðstöðina sem tengist einkareknum ferðaþjónustufyrirtækjum sem hafa aðstöðu í húsum við þjónustumiðstöðina*“. Rétt er að innan Vatnajökulsþjóðgarðs er í gangi vinna við gerð atvinnustefnu sem koma mun fram á næstu vikum. Í atvinnustefnu er ætlunin að skýra nánar fyrirkomulag atvinnustarfsemi innan þjóðgarðsins, m.a. með hvaða hætti þjóðgarðurinn úthlutar aðstöðu og leyfum til rekstraraðila sem áhuga hafa á að veita þjónustu innan þjóðgarðsins. Meta þarf þolmörk Skaftafells m.a. með tilliti til upplifunar gesta og fjölda rekstraraðila. Vinna við framtíðarskipulag í Skaftafelli er að hefjast og við það verður deiliskipulag Skaftafells endurskoðað.

Í tillögu að breytingu á aðalskipulagi er vísað í gildandi aðalskipulag og eftirfarandi stefnu þar um uppbyggingu:

- *Að hún falli að byggðarmynstri.*
- *Að hún sé í samhengi við staði þar sem hefur verið búseta, eða tengist bæjarhlöðum og myndi eftir atvikum samfella með byggð sem þegar stendur, og sé víkjandi í landslagi.*
- *Að hún taki mið af staðarvals- og byggingarhefð sveitanna ef byggt er þar sem ekki er byggð fyrir.*

Vatnajökulsþjóðgarður tekur ekki undir að fyrirhuguð uppbygging í landi Skaftafells III og IV styði við þessa stefnu. Hér er um að ræða uppbyggingu á alveg nýju svæði, sem fellur ekki að núverandi byggðarmynstri, er ekki í samhengi við bæjarhlöð eða staðavalshefð í Örfæfum og er ekki víkjandi í landslagi, eins og áður hefur verið tekið fram varðandi ásýnd til og frá Skaftafelli.

Vatnajökulsþjóðgarður tekur undir að vegna aukningar í ferðaþjónustu innan sveitarfélagsins þarf að styrkja svæðið við Skaftafell til að ráða betur við þann gestafjölda sem sækir svæðið heim en bendir jafnframt á að horfa þurfi á uppbyggingu í Örfæfum sem heild. Í gildandi aðalskipulagi segir: „*Áhersla er lögð á að á helstu áfangastöðum í fjalllendi og víðerni þjóni mannvirkjagerð fyrst og fremst útivist, en öll meiriháttar uppbygging, gistiþjónusta og greiðasala eigi sér stað í tengslum við bæjarhlöð í sveitunum og á Höfn*“. Vatnajökulsþjóðgarður telur að fyrirlagaðar tillögur séu ekki að styða það að uppbygging eigi sér stað í tengslum við „bæjarhlöð í sveitum“. Í gildandi aðalskipulagi er einnig tekið fyrir eftirfarandi varðandi íbúðarsvæði í sveitum: *Vænst er íbúðarbygging á tilteknum stöðum í sveitum Hornafjarðar. Skipulagið markar stefnu um uppbyggingu íbúðarbyggðar á fjórum stöðum: > Holt á Mýrum > Miðþorpið í Suðursveit > Hof í Örfæfum > Freysnes í Örfæfum*. Fyrirlagaðar tillögur, sem fela m.a. í sér íbúðarhúsnæði fyrir starfsmenn í ferðaþjónustu falla ekki að gildandi aðalskipulagi. Sveitarfélagið Hornafjörður hefur í samstarfi við landeigendur á Hofi í Örfæfum deiliskipulagt íbúðabyggð að Borgartúni í Hofi þar sem gert er ráð fyrir a.m.k. 18 lóðum. Uppbygging á því svæði er hafin og þarft að halda þeirri uppbyggingu áfram þar sem hún styður við gildandi aðalskipulag um uppbyggingu byggðakjarna í sveitum.

Svæðið sem aðalskipulagsbreyting nær til er á B-hluta náttúruminjasrár samkvæmt tillögu Náttúrufræðistofnunar Íslands. Svæðið er tilnefnt vegna fugla, einkum skúmsins enda nær það alþjóðlegum verndarviðmiðum. Vatnajökulsþjóðgarður telur að horfa þurfi til Skeiðarársands sem mikilvægrar landlagsheildar í náttúruvernd á Íslandi, m.t. til nálæðgar við nú þegar friðlýst svæði sem á möguleika á að vera hluti af heimsminjaskrá Sameinuðu þjóðanna, UNESCO.



Vatnajökulsþjóðgarður telur í samræmi við það sem hér hefur fram komið að framlagðar tillögur um breytingar á aðalskipulagi munu hafa veruleg áhrif á náttúruverndargildi þjóðgarðins og svæðisins í heild, upplifun gesta og ásýnd Skaftafells sem og framtíðarsýn uppbyggingar þjónustusvæða og íbúðabyggðar í Öræfum. Vatnajökulsþjóðgarður hvetur því Sveitarfélagið Hornafjörð til að taka skýra afstöðu til ofantalinna atriða áður en lengra er haldið með breytingartillögur.

Virðingafyllst,

F.h. Vatnajökulsþjóðgarðs  
Helga Árnadóttir, þjóðgarðsvörður á suðursvæði

Helga Árnadóttir